



SKÝR SÝN FYRIR REYKJAVÍK

Hvað kosta kosningaloforð
Viðreisnar í Reykjavík?



SKÝR SÝN FYRIR REYKJAVÍK

➤ Skipulag og betri hverfi

Við ætlum að halda áfram metuppbyggingu íbúða og skipuleggja lóðir fyrir 2.000 íbúðir á ári. Við viljum einfalda umgjörð byggingamála og reisa ný hverfi í Skerjafirði, Ártúnshöfða, á Keldum og í Vatnsmýri. Við viljum hraða uppbyggingu Borgarlínu og styðjum Sundabraut fyrir alla samgöngumáta.

➤ Skóla sem efla börnin

Það á að vera frítt í alla grunnskóla, óháð rekstrarformi. Það á að auka faglegt frelsi kennara og skóla. Fimm ára börn eiga að fá frítt í leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskólar eru lykillinn að því að brúa bilið.

➤ Rekstur og þjónustu

Við ætlum að halda áfram að tryggja ábyrga fjármálastjórn, hagræða í rekstri og fækka ráðum, nefndum og sviðum. Við ætlum að halda áfram að lækka fasteignaskatta og auka einkarekstur með útboðum og sölu eigna.



FULLGERÐAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK

2,000

**KJÖRTÍMABILIÐ
2018-2022**

1,500

1,000

500

0

2010

2011

2012

2013

2014

2015

2016

2017

2018

2019

2020

2021



FRÍTT Í ALLA GRUNNSKÓLA

➤ VIÐREISN Í REYKJAVÍK VILL AÐ ÞAÐ VERÐI FRÍTT Í ALLA GRUNNSKÓLA, ÓHÁÐ REKSTRARFORMI

➤ Við viljum að foreldrar hafi meira val um í hvaða skóla börnin þeirra ganga, óháð efnahag. Við teljum sjálfstæða skóla mikilvæga viðbót í rekstrarflórana og með breyttum úthlutunarreglum getum við treyst fjárhagslegan grundvöll þeirra. Skólar sem kjósa að vera í þessu kerfi verður óheimilt að innheima skólagjöld.

➤ KOSTNAÐARAUKI FYRIR BORGARSJÓÐ
450 milljónir á ári



FRÍTT FYRIR 5 ÁRA Í LEIKSKÓLA

➤ VIÐREISN Í REYKJAVÍK VILL AÐ ÞAÐ VERÐI FRÍTT FYRIR FIMM ÁRA BÖRN Í LEIKSKÓLA, ALLT AÐ SEX TÍMA Á DAG

➤ Við teljum að það auki jöfnuð að hafa frítt í leikskóla fyrir elstu börnin. 5% af þessum aldurshópi er ekki í leikskóla, aðallega börn af tekjulágum heimilum. Með þessu lækkum við kostnað foreldra. Við teljum að þessi aðgerð treysti líka stöðu leikskólans sem fyrsta skólastigsins.

➤ KOSTNAÐARAUKI FYRIR BORGARSJÓÐ
200 milljónir á ári



LÆKKUM SKATTA Á ATVINNUHÚSNÆÐI - AFTUR

➤ VIÐREISN Í REYKJAVÍK VILL HALDA ÁFRAM AÐ LÆKKA
FASTEIGNASKATTA Á ATVINNUHÚSNÆÐI

➤ Það á að vera gott að reka fyrirtæki í Reykjavík og borgin er í samkeppni við önnur sveitarfélög. Viðreisn lækkaði álagningarhlutfallið úr 1,65% í 1,60% á þessu kjörtímabili. Á því næsta ætlum við að lækka það í 1,55%

➤ TEKJULÆKKUN FYRIR BORGARSJÓÐ
450 milljónir



HVERNIG FJÁRMAGNAR VIÐREISN KOSNINGALOFORÐIN

- Hagræðing í rekstri:
500-1.000 milljónir á ári
- Gistináttagjald:
300-600 milljónir á ári
- Selja eignir og lækka skuldir:
100-200 milljónir á ári
- Alls **900-1.800 milljónir á ári**



2,000 m.kr.

1,500 m.kr.

1,000 m.kr.

500 m.kr.

0 m.kr.

Útgjöld á ári

Sparnaður á ári

Hámarkssparnaður

Lágmarkssparnaður

ÞEGAR ALLT HEFUR KOMIST AÐ FULLU TIL FRAMKVÆMDA

